

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðaukum III B og IV B við tollalög nr. 88/2005 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollskrárn.</i>	<b>Vara</b>	<b>Tímabil</b>	<b>Vörumagn</b>	<b>Verðtollur</b>	<b>Magntollur</b>
			<b>kg.</b>	<b>%</b>	<b>kr./kg</b>
0701.9001	Bökunarkartöflur, 65 mm eða stærri	01.07.-30.09.09	ótilgr.	0	0
0701.9009	Annars (kartöflur)	01.07.-02.08.09	ótilgr.	0	0
0701.9009	Annars (kartöflur)	03.08.-30.09.09	ótilgr.	0	60
0703.9001	Blaðlaukur	01.07.-30.09.09	ótilgr.	0	0
0704.1000	Blómkál og hnappað spergilkál	01.07.-02.08.09	ótilgr.	0	0
0704.1000	Blómkál og hnappað spergilkál	03.08.-30.09.09	ótilgr.	0	176
0704.9001	Hvítkál	01.07.-30.08.09	ótilgr.	0	0
0704.9001	Hvítkál	31.08.-30.09.09	ótilgr.	0	79
0704.9002	Rauðkál	01.07.-06.09.09	ótilgr.	0	0
0704.9002	Rauðkál	07.09.-30.09.09	ótilgr.	0	110
0704.9003	Kínakál	01.07.-05.07.09	ótilgr.	0	0
0704.9003	Kínakál	06.07.-30.09.09	ótilgr.	0	206
0704.9004	Spergilkál (Brassica oleracea v. Ita.)	01.07.-30.09.09	ótilgr.	0	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	01.07.-23.08.09	ótilgr.	0	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	24.08.-30.09.09	ótilgr.	0	136
0706.9001	Gulrófur	01.07.-30.09.09	ótilgr.	0	0
0706.9002	Rauðrófur	01.07.-30.09.09	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	01.07.-23.08.09	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	24.08.-30.09.09	ótilgr.	0	193
0709.5100	Sveppir af ættinni Agaricus	01.07.-30.09.09	ótilgr.	0	80

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollskrárnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint, skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

#### 3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til og með 30. september 2009.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 22. júní 2009.*

F. h. r.

**Sigurgeir Þorgeirsson.**

\_\_\_\_\_  
*Sigríður Nordmann.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 23. júní 2009